



GOLFSKÓLI GSS

Golfklúbbur Sauðárkróks býður upp á metnaðarfullt starf og kennslu fyrir börn og unglinga þar sem skapaðar eru framúrskarandi aðstæður til þess að æfa golf. Unglinganefnd fer fyrir starfinu í samstarfi við stjórn GSS. Áhersla er lögð á að allir njóti sín á eigin forsendum. Byrjendur geta fengið lánaðan nauðsynlegan golfútbúnað til æfinga.

Það er von Unglinganefndar GSS að þetta kver geti nýst foreldrum og þátttakendum í Golfskólanum til að kynna sér dagsskrá sumarsins. Einnig vonum við að foreldrar sjái sér fært að aðstoða okkur, þá sérstaklega við mót/uppákomur á vegum unglinganefndar og eru allar hugmyndir eru vel þegnar.

Við höfum ráðið til okkar þjálfara, **Jón Þorstein Hjartarson** golfkennara sem hefur tekið til starfa og við bindum miklar vonir við, en honum til aðstoðar verða ungir kylfingar.

Ýmislegt er á döfinni í sumar. Norðurlandsmótaröðin er fastur liður og hluti af henni er NÝPRENT-OPEN, sem verður á Sauðárkróki 27. júní. Þá er meistaramót, Norðurlandsmótaröð og fleira skemmtilegt á döfinni. Mót eru ýmist flokka- eða aldursskipt, sem hentar mismunandi getustigum. Þjálfari leiðbeinir og hvetur iðkendur til þátttöku í samræmi við framvindu og áhuga.

Það verða ýmsar uppákomur í sumar og munum við gera okkar besta til að Golfskólinn skili árangri og að þátttakendur njóti þess að stunda íþróttina.

*Með golf- og sumarkveðju,
Barna- og unglinganefnd GSS*

SUMARÆFINGAR GSS JÚNÍ - ÁGÚST 2015

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:10 -					
9:30	Sumar Tím	Sumar Tím	Sumar Tím	Sumar Tím	
10:00 -	Team GSS 11 ára	Team GSS 11 ára	Team GSS 11 ára	Team GSS 11 ára og	
12:00	og yngri	og yngri	og yngri	yngri	
10:00 -	Team GSS 12 ára	Team GSS 12 ára	Team GSS 12 ára	Team GSS 12 ára og	
15:00	og eldri	og eldri	og eldri	eldri	
17:30 -					
19:00	Team GSS eldri	Sveitakeppni		Team GSS eldri	

Nemendur geta komið með nesti með sér og snætt í golfskálanum. Mikilvægt er að sýna góða umgengni og hegðun í golfskálanum til að þetta fyrirkomulag geti gengið snurðulaust fyrir sig.

Gjald fyrir sumarið er:

- 12 ára og yngri: 15.700,-,
- 13-15 ára: 18.900,-
- 16-19 ára: 24.200,-
- Fjölskyldugjald 81.400 (Eitt árgjald fyrir alla fjölskyldumeðlimi (börn 16 ára og yngri) og er golfskólinn þá innifalinn í árgjaldi)

Hægt er að millifæra á eftirfarandi reikning: **Golfklúbbur Sauðárkróks Kt.: 570884-0349, Banki: 0310-26-2106,** eða semja við gjaldkera um annað greiðslufyrirkomulag.

Tilkynningar, myndir og fréttir er hægt að lesa á síðunni www.gss.is og á facebook; „Unglingastarf Golfklúbbs Sauðárkróks“ <http://www.facebook.com/#!/groups/83070688850/> og „Golfmyndir GSS“ <https://www.facebook.com/groups/397526793685611/?fref=ts>

Formaður er Rafn Ingi Rafnsson 8626244 – formadur@gss.is, uppl. um aðra stjórnarmeðlimi má finna á [gss.is](http://www.gss.is)

BARNA- OG UNGLINGANEFND GSS 2015 SKIPA:

Hjörtur Geirmundsson, hjortur@fjolnet.is – 8217041

Árný Árnadóttir, arnyl@simnet.is – 8499420

Helga Jónína Guðmundsdóttir, helgajg@simnet.is - 8646888

Hanna Dóra Björnsdóttir, hannadora@gmail.com - 8986698

Þjálfari: Jón Þorsteinn Hjartarson 6181700

DAGATAL 2015

Dags	Klúbbur	Nafn	Hringir
05.06.15	GHR	Íslandsbankamótaröðin (2) - Íslandsmót í holukeppni	3
06.06.15	GOS	Áskorendamótaröðin (2)	1
20.06.15	GSG	Áskorendamótaröðin (3)	1
20.06.15	GG	Íslandsbankamótaröðin (3)	2
27.06.15	GSS	Norðurlandsmót. Nýprent Open (1)	1
05.07.15	GHD	Norðurlandsmót. B/U - Salka Fiskmiðlun (2)	1
17.07.15	GR	Íslandsbankamótaröðin (4) – Íslandsmótið	3
18.07.15	GSÍ	GSÍ - Áskorendamótaröðin (4)	1
26.07.15	GÓ	Norðurlandsmótaröð. Ólafsfjörður(3)	
14.08.15	GA	Sveitakeppni pílta 18 ára og yngri	3
14.08.15	GHR	Sveitakeppni drengja 15 ára og yngri	3
14.08.15	GF	Sveitakeppni stúlkna 15 og 18 ára og yngri	3
22.08.15	GB	Íslandsbankamótaröðin (5)	2
22.08.15	GGB	Áskorendamótaröðin (5)	1
05.09.15	GA	Norðurlandsmótaröð. Lokamót Akureyri(4)	1

Almennar hegðunarreglur:

- Iðkendur og þjálfarar skulu ávallt koma fram af kurteisi og virðingu.
- Klæðst skal snyrtilegum fatnaði, gallabuxur eru ekki leyfðar og höfuðföt eru tekin niður innandyra.
- Iðkendum ber að fara eftir fyrirmælum þjálfara síns og vallarstjóra eins og þeim er framast unnt.
- Iðkendum og þjálfara ber að sýna meðspilurum sínum og þeirra aðstoðarfólki / þjálfurum almenna kurteisi.
- Iðkendur og þjálfarar skulu mæta stundvíslega á æfingar og nota tímann vel.
- Iðkendur og þjálfarar skulu kappkosta við að ganga vel um skála, skýli, æfingasvæðið og golfvöllinn sjálfan.
- Mikilvægt er að setja torfusnepla í kylfuför og laga boltaför á flötum.
- Kylfingum ber að halda eðlilegum leikhraða.
- Ekki skal fara með golfpoka eða kerrur inn á flatir eða teiga.

